

Fáðu að vita meira um hugbúnað og forrit Qualcomm

Dótturfélag Qualcomm Incorporated bjóða upp á úrval hugbúnaðar, forrita, og þjónustu til að hjálpa við að bæta afköst farsíma, aðstoð við að spara orku rafhlöðu og við að bæta öryggi farsímans. Meðal þessara hugbúnaðarforrita eru eftirfarandi:

Qualcomm Location

Qualcomm Location (áður "IZat") er tækni sem boðið er upp á af Qualcomm Technologies, Inc. í Bandaríkjunum, QT Technologies Ireland Limited í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins, og Qualcomm CDMA Technologies (Korea) YH í Lýðveldinu Kórea (Suður Kórea). Qualcomm Location getur gert tæki þínu kleift að ákvarða staðsetningu þína fljótar og nákvæmar – jafnvel þegar tæki þínu tekst ekki að ná sterku GPS merki. Qualcomm Location gæti líka hjálpað tæki þínu að spara orku rafhlöðunnar þegar þú notar forrit eða þjónustu sem krefst gagna um staðsetningu. Ef þú notar staðsetningar-virkjuð forrit, þá gæti tæki þitt sent staðsetningu sína til þeirra sem útvega slík forrit. Upplýsingum um staðsetningu sem veittar eru útvegendum forrita er stýrt af skilmálum þeirra og persónuverndarstefnu. Við mælum með að þú skoðir skilmála og persónuverndarstefnu útveganda þessara forrita.

Með reglulegu millibili hleður Qualcomm Location niður gögnum til tækis þíns varðandi staðsetningu nálægra farsímamastra og aðgangsstaði þráðlausra neta. Þessi gögn gætu verið sameinuð gögnum frá skynjurum í tæki þínu eins og snúði og hröðunarmæli til að hjálpa tæki þínu að ákvarða staðsetningu þess og spara orku rafhlöðunnar.

Með reglulegu millibili sendir Qualcomm Location okkur einstakt hugbúnaðarauðkenni, staðsetningu tækis þíns (lengdargráðu, breiddargráðu og hæð, og óvissu hennar), og nálæg farsímamastur og heita reiti fyrir þráðlaust net, styrk merkis, og tíma (sameiginlega, „staðsetningargögn“). Eins og með öll samskipti á internetinu, þá fáum við líka IP-töluna sem tæki þitt notar. Við notum staðsetningargögn, hugbúnaðarauðkenni og IP-tölur, og önnur gögn sem við söfnum til að hjálpa okkur að vernda, meta og bæta afköst kerfis okkar.

Qualcomm Location notar ýmsar sanngjarnar og viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda gögnin sem við söfnum. Þar að auki, geymum við ekki staðsetningargögn ótímabundið með hugbúnaðarauðkenni þínu eða IP-tölu, né reynum við að auðkenna notendur Qualcomm Location persónulega. Til að bæta afköst kerfisins þá er hugbúnaðarauðkenni þitt og IP-tala tengd við staðsetningargögn þín í þrjátíu daga frá móttöku, eftir þann tíma er þeim endanlega eytt. Eftir að IP-tala og hugbúnaðarauðkenni hafa verið fjarlægð, þá söfnum við saman staðsetningargögnunum til að búa til nafnlausan gagnagrunn varðandi staðsetningar farsímamastra og aðgangsstaða fyrir þráðlaus net.

Ef þú ert í Lýðveldinu Kórea, þá er Qualcomm Location þjónustan í samræmi við lög um vernd staðsetningarupplýsinga („lög“) og þú átt tilkall til viðkomandi réttinda samkvæmt lögnum. Fyrir spurningar og athugasemdir um venjur okkar í Kóreu, vinsamlegast hafið samband við okkur hjá:

Qualcomm CDMA Technologies (Korea) YH
Til ath. Lögfræðideild
4., 15., 16. og 17. hæð
119, Nonhyeon-dong, Gangnam-gu
Seoul, 135-820
Republic of Korea
Símanúmer: 82-2-3404-1114

Qualcomm Technology Reporting (QTR) -- greiningartölfræði

QTR er tækni í boði Qualcomm Technologies, Inc. í Bandaríkjunum, og QT Technologies Ireland Limited á Evrópska efnahagssvæðinu. QTR gæti safnað: (i) nöfnum þeirra smáforrita sem eru uppsett og/eða keyrandi á tækinu, (ii) upplýsingum um stillingar (eins og tegund, gerð, stýrikerfi og útgáfu, fastbúnað og útgáfur, þráðlausa þjónustuveitu, farsíma landskóða og netkóða, og raðnúmer kubbasamstæðu (sem auðkennir þig ekki)), (iii) tölfræði um afköst og öryggi tækisins (eins og örgjörva, GPU, eða afköst mótalds), og (iv) skynjaragögn sem munu ekki auðkenna þig, en sem mæla hreyfingu, stefnu, og aðstæður í umhverfi símans. Gögnum er hlaðið upp í gegnum dulkóðaða þráðlausa tengingu, eða að takmörkuðu leyti, í gegnum farsímanet þitt.

Við notum gögnin sem QTR safnar í þeim tilgangi sem lýst er í þessari stefnu, þ.m.t. til að hjálpa okkur við að þróa næstu kynslóð farsímataækni til að bæta afköst þráðlausra tenginga, spara orku rafhlöðu, þróa öryggisráðstafanir, og bæta rekstur fyrirtækis okkar. Við gætum líka deilt QTR gögnum með þráðlausum þjónustuveitum eða framleiðendum tækja til að hjálpa þeim að bæta þráðlaus tæki, net og öryggi.

QTR býður upp á að draga þig út úr gagnasöfnun í valmynd Android stillinga undir fyrirsögninni, "Qualcomm Technologies Reporting". Að draga þig út úr mun ekki hafa neikvæð áhrif á afköst tækisins.

Nokkrar athugasemdir: Eins og fyrir hverja internet tengingu, þá móttökum við IP-töluna sem tækið notar, en við eyðum henni tafarlaust eftir móttöku. Ef QTR sendir okkur einhver gögn sem ekki eru auðkennd í þessari persónuverndarstefnu sem gætu verið persónuupplýsingar þá eyðum við slíkum upplýsingum tafarlaust eftir móttöku. Sumar útgáfur QTR hafa líka þann möguleika að safna „alþjóðlegu auðkenni farsímabúnaðar“ (IMEI), en þessi möguleiki er ekki notaður eins og er. Ef, í framtíðinni, við söfnum IMEI, þá verður því safnað til birtingar, í nauðsynlegum tilgangi, og í samræmi við viðeigandi gagnaverndar- og persónuverndarlög. Að lokum, sumar útgáfur af QTR hafa líka þann möguleika að leyfa þér að skrá þig fyrir að senda okkur staðsetningargögn tækisins. Ef þú skráir þig fyrir að senda okkur staðsetningargögn, þá gætum við með reglulegu millibili safnað staðsetningu tækis þíns til að hjálpa okkur, til dæmis, við að auðkenna svæði þar sem þráðlaust merki er veikt.

Snapdragon snjallvernd

Qualcomm® Snapdragon™ snjallvernd er öryggishugbúnaðarþjónusta fyrir Android tæki („snjallvernd“) boðin þér af QT Technologies Ireland Limited á Evrópska efnahagssvæðinu og Qualcomm Technologies, Inc. í Bandaríkjunum. Snjallvernd hefur eftirlit með hegðun Android forrita á tækinu sem það er sett upp á, og notar vélrænt nám til að auðkenna hegðun sem mögulega bendir til spilliforrita, njósnahugbúnaðar, óværubúnaðs og gagnagíslaforrita. Snjallvernd tilkynnir slíka hegðun til þriðju aðila öryggishugbúnaðar viðskiptavinar okkar sem uppsettur er á sama tækinu.

Til að hjálpa við að bæta snjallvernd, og aðra notkun sem við lýsum í þessari persónuverndarstefnu, þá sendir snjallvernd okkur samantekt um spilliforrit sem mögulega hafa greinst þ.m.t. nafn appsins og aðgerðir þess sem ollu viðvöruninni, grunn gögn um tækið eins og tegund, gerð, og útgáfu stýrikerfis, og gögn um stillingar tækis eins og tungumálastillingar, þjónustuveitu og landskóða.

Vellamo

Vellamo er notkunarhugbúnaður til afkastaprófunar fyrir Android tæki („Vellamo“) færður þér af Qualcomm Innovation Center, Inc. Vellamo greinir og gefur skýrslur um afköst kerfisins á tækinu sem það er sett upp á. Þú getur líka valið að bera saman afköst tækis þíns við önnur tæki sem við höfum prófað og, með því að gera það, þá gæti tæki þitt sent okkur niðurstöður og kerfisupplýsingar. Slíkar kerfisupplýsingar gætu innifalið: Nafn framleiðanda tækisins, gerð og útgáfa; upplýsingar um vélbúnaðinn á tæki þínu eins og örgjörva, minni og tiltæka skynjara; tegund og útgáfu stýrikerfis; upplýsingar um skjá; IP-tölu, „user agent“ vafrans, og upplýsingar um farsímanetið sem tækið tengist við. Við notum gögnin sem við söfnum í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu, þ.m.t. til að veita þá afkastaprófunarþjónustu sem þú biður um og til að vinna „raunverulega“ tölfræði um afköst fartækisins.

XTRA – Gögn um áætlaða braut GNSS gervihnatta

XTRA er tækni boðin af Qualcomm Technologies, Inc. í Bandaríkjunum og QT Technologies Ireland Limited á Evrópska efnahagssvæðinu til að bæta afköst fartækja. XTRA hleður niður gagnaskrárm frá Qualcomm sem innihalda áætlaða braut Global Navigation Satellite System (GNSS) gervihnattana. Með því að nota XTRA gagnaskrárnar minnkar tíminn sem tækið þarf til að reikna staðsetningu þess, og sparar þannig tíma og orku rafhlöðunnar þegar notuð eru forrit sem byggja á staðsetningu. Nýrri útgáfur af XTRA hugbúnaðinum hlaða líka upp litlu magni af gögnum til okkar. Við notum gögnin sem hlaðið er upp í tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu, eins og til að viðhalda og bæta gæði, öryggi, og heildstæðni þjónustunnar. XTRA hleður upp eftirfarandi tegundum gagna: Einstöku auðkenni sem búið er til með slembiaðferð, nafni kubbasamstæðunnar og raðnúmeri, útgáfu XTRA hugbúnaðar, farsíma landskóða og netkóða (gerir kleift að auðkenna land og þráðlausa þjónustuveitu), tegund stýrikerfis og útgáfu, tegund tækis og gerð, tímanum frá því örgjörvinn sem keyrir hugbúnaðinn og mótaldið voru síðast endurræst, og lista yfir hugbúnað okkar í tækinu.